

Fundargerð Hverfisráð Raufarhafnar. Haldin 5.september 2023

Mættir eru Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir og Bergdís Jóhannsdóttir
Nanna Höskuldsdóttir verkefnisstjóri ritaði fundargerð.

1. Umsögn vegna Aðalskipulags.

Hverfisráð hefur til umsagnar Aðalskipulag Norðurþings. Farið yfir ýmis mál og vinna varðandi það kortlagðar. Frestur í skipulagsgáttinni er til 28.9.2023 málið unnið áfram.

2. Hlutverk hverfisráða.

Berglind Jóna Þorlákssdóttir kom inná fund og upplýsti um stöðu mála er varðar vinnu við endurskoðun hverfisráða og fl. Hverfisráð þakkar Berglind Jónu fyrir gott samtal.

3. Viðhalds og framkvæmdalisti á Raufarhöfn.

Hverfisráð Raufarhafnar hefur yfirfarið viðhaldslista og framkvæmdalista sem sendur hefur verið inn árlega til sveitarfélagsins. Ánægjulegt er að aðeins hefur náðst að vinna niður listann en þar sem viðhaldi hefur verið ábótavant í áráraðir eru ennþá margir liðir á listanum.

Hverfisráð leggur sérstaka áherslu á hljóðvist í sundlaug, gangstéttir og lekamál í félagsheimili. *Listinn er ekki tæmandi, fleiri verkefni þarf að huga að en þessi eru að mati hverfisráðs hve mest ákallandi:*

• Sundlaugarrými

Hljóðvistunarmál- setja aftur upp loftaplötur (hljóðdempanði) - hávaðamengun í rýminu er hættuleg eins og staðan er í dag.

Skipta út hreinsunartækjum í sundlaug og setja jöfnunartank.

• Grunnskóli Raufarhafnar

Fylgja þarf eftir að skólinn verði málaður að utan þegar múrviðgerðir leifa, og að innveggir Norðurveggs verði lagfærðir um leið og það er hægt.

• Félagsheimilið Hnitbjörg.

Nauðsynlegt er að gera við þak hússins, lekur á nokkrum stöðum og er nú þegar farið að skemma út frá sér, skipta þarf um glugga, klæða þarf húsið að utan sem fyrst.

Endurbætur á kvenna klósetti: Gólf ónýtt, salerni ónýtt að hluta, básar lélegir og fl.

• Stjórnsýsluhús

Skipta þarf um gler í gluggum að hluta. Mála þarf húsið að utan.

Aðgengi fyrir fatlaða ekki nægilega gott.

• Gangstéttir.

Nauðsynlegt að að áframhaldandi vinna við gagnstéttir haldi áfram sérstaklega við Aðalbraut.

• Tjaldstæði

Kaup og uppsetning á nýju þjónustuhúsi sem í dag er lélegt. Uppsetning á fleiri rafmagnstenglum.

• Lýsing í þorpinu.

Setja þarf ljósastaura við suðurveg þar sem Tjarnarholt tengist Aðalbraut, við Víkurbraut og setja ljósastaura frá kirkju og upp að Kirkjugarði. Fylgja þarf eftir að Vegagerð endurnýi ljósastaura við Aðalbraut þ.e skipta út tréstaurom.

Viðhald gatna.

Malbika þarf Ásgötu og Skólabraut (laga niðurföll) og fylgja eftir við Vegagerð að malbika Aðalbraut.

Laga þarf veg uppá Höfða.

Við Víkurbraut þarf að taka niður hæðina sem er á milli hús nr. 18 og 20 og gera snúningspláss eins og áður hefur verið samþykkt.

Fleira ekki gert og fundargerð lesin upp.

Undirritunarsíða

Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir

Bergdís Lína Jóhannsdóttir